

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt 34. gr. laga nr. 51/1987 um eftirlit með skipum og gr. 8.6. reglna um björgunar- og öryggisbúnaða íslenskra skipa nr. 325/1985 sbr. nr. 171/1987 og 80/1988 staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. janúar 1991 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá um sama efni nr. 253/1989.

Samgönguráðuneytið, 14. desember 1990.

Steingrímur J. Sigfússon.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

27. desember 1990

AUGLÝSING

Nr. 525

um breytingu á gjaldskrá rafveitna.

Samkvæmt 25. gr. orkulaga nr. 58 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá rafveitna er taki gildi 1. janúar 1991:

Raforkugjaldskrá Orkubús Vestfjarða, nr. 627, 27. desember 1989:

Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um 5%

Gjaldskrá Rafveitu Saudárkróks, nr. 433, 22. september 1989, með síðari breytingum:

Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um 5%
nema aflgjald í taxa C-2, sem hækkar um 4%.

Iðnaðarráðuneytið, 27. desember 1990.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Halldór J. Kristjánsson.

27. desember 1990

AUGLÝSING

Nr. 526

um hlutfall búnaðarmálasjóðsgjalds tímabilið 1. janúar til 31. ágúst 1991.

Samkvæmt heimild í 4. og 5. gr. laga nr. 41 15. maí 1990 um Búnaðarmálasjóð og reglugerð nr. 393 1. október 1990 um innheimtu gjalds til Búnaðarmálasjóðs, hafa verið ákveðin eftirfarandi frávik við innheimtu gjaldsins fyrir tímabilið 1. janúar til 31. ágúst 1990:

1. Innheimta gjalds til forfalla- og afleysingarþjónustu í sveitum falli niður af eftirtöldum búgreinum: Eggjarækt, garðyrkju, hrossarækt og eggjaframleiðslu.
2. Innheimta gjalds til neðantalinna búgreinafélaga skal vera sem hér segir:

a) Félag hrossabænda	1,000%
b) Landssambands kartöflubænda	0,500%
c) Samband garðyrkjubænda	0,500%
d) Svínaræktarfélag Íslands	0,275%

Samkvæmt heimild í 6. gr. laga nr. 41/1990 skal innheimta gjalds til Bjargrásjóðs af afurðum hrossa falla niður.

Landbúnaðarráðuneytið, 27. desember 1990.

Steingrímur J. Sigfússon.

Jón Höskuldsson.